



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Heilsdagsskóli
- Skólaslit
- Óskilamunir
- Aðalfundur foreldrafélags
- Vorhátíð skólans
- Vordagskrá deilda
- Foreldradagur

Einn dag í einu, eitt augnablik

Kæru nemendur/foreldrar/forráðamenn

Augnablik, einn dag í einu,
einmitt er allar stjörnurnar blika.
Dreymi - að ég sé á brautinni beinu,
Þó brátt líði dagar og vika

Við horfum til himinsins bláa,
spennum hendur í greipar,
gert, við getum ei minna
Biðjum til herrans oss háa,
hann öryggi þig sveipar,
við hugsam til þín Tinna.

- Leifur S. Garðarsson -

MUNA

23. maí
Aðalfundur foreldrafélags

25. maí
Uppstigningardagur

26. maí
Vorhátíð

27. maí
Sveitarstjórnarkosningar
Drjár kjördeildir í Áslandsskóla

1.-2. júní
Sveigjanlegt skólastarf

4. júní
Hvítasunnudagur

5. júní
Annar í hvítasunnu

6. júní
Foreldradagur

7. júní
Skólaslit

Okkur er öllum hollt að velta reglulega fyrir okkur lífinu og tilverunni. Það er nefnilega svolítið þannig að við tökum flestu sem sjálfsögðum hlut og gleymum að rækta það sem okkur er næst og kærast.

Kannski væri okkur nær að temja okkur þá íhugun að enginn hefur meira en einn dag í einu til umráða.

Reyndar höfum við sjaldan meira en augnablikið sem við lifum á hverju sinni, en væntum þess yfirleitt að hafa daginn fyrir okkur. Engu gildir hvort við erum að reka fyrirtæki, heimili, í vinnu hjá öðrum eða í skóla.

Við höfum bara einn dag í einu til að takast á við. Við getum gert áætlanir fyrir alla hina dagana, en til umráða er einungis einn dagur hverju sinni.

Á þetta höfum við í Áslandsskóla verið óþægilega minnt undanfarna daga þegar indæl, lífsglöð stúlka og nemandi í 10. bekk veiktist skyndilega og berst nú fyrir lífi sínu á sjúkrastofnun.

Við finnum fyrir þeim vanmætti að geta ekki bara hlaupið til og bjargað málum.

En það sem við getum þó gert er að biðja fyrir henni og fjölskyldu hennar. Það styrkir þau og þeirra von og trú sem við deilum með þeim.

Í ÁSLANDSSKÓLA ER SAMHUGUR

Óskilamunir / mataráskrift

Foreldraviðtalsdagur er í skólanum þriðjudaginn 6. júní en þá koma forráðamenn ásamt nemendum til viðtals í skólanum.

Bréf með boðun til viðtals er væntanlegt heim allra næstu daga.

Á foreldraviðtalsdegi verða *óskilamunir* hafðir frammi í skólanum. Allur sá fatnaður sem ekki ratar í hendur rétttra eigenda, þ.e. verður eftir hér í skólanum verður settur í kassa og sendur líknarfélögum.

Athugið að það verður gert strax í vikunni eftir foreldraviðtalið.

Síðasti dagur drykkja- og mataráskriftar er miðvikudagurinn 31. maí. Eftir þann tíma þurfa allir nemendur að koma með nesti í skólann.

Verði ekki staðið í skilum varðandi heilsdagsskóla og

Aðalfundur foreldrafélagsins

Aðalfundur Foreldrafélags Áslandsskóla verður haldinn þriðjudaginn 23. maí næstkomandi, kl. 20.00 í aðalsal skólans.

Dagskrá fundarins er sem hér segir:

- Skýrsla formanns – Rúna Guðmundsdóttir
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram – Erlendur Geir Arnarson
- Kosning í stjórn Foreldrafélagsins
- Kosning í nefndir Skólafatanefnd / Skólafærnefnd / Öskudagsnefnd / Vorháttíðarnefnd
- Önnur mál

Foreldrar nemenda Áslandsskóla eru hvattir til að mæta á fundinn

Eftirfarandi tillögur liggja fyrir fundinum:

1. *Skólafatanefnd: Skólafatanefnd Áslandsskóla skal skipuð þremur fulltrúum. Fulltrúa foreldra, starfsmanni nefndarinnar auk skólastjóra.*

Heilsdagsskóli að vori

Heilsdagsskólinn verður opinn foreldradaginn 6. júní frá kl. 8:00. Þeir forráðamenn sem hyggjast nýta sér þjónustu heilsdagsskólans þann dag eru beðnir að ganga frá skráningu og greiðslu fyrir hádegi föstudaginn 2. júní.

Foreldradagurinn er síðasti starfsdagur heilsdagsskólans á þessu skólaári.

Vorferðir yngri og miðdeildar

1. bekkur

Árgangurinn er búinn að fara í vorferð en hann fór í sveitaferð í Miðdal 8. maí.

2. bekkur

Árgangurinn fer í sveita og fjöruferð þann 30. maí en farið verður að Hvítanesi í Skilmannahreppi.

3. bekkur

Árgangurinn fer í fræðasetrið í Sandgerði.

4. bekkur

Árgangurinn fer á veiðisafnið á Stokkseyri og í sund á Kobba Kút á Selfossi

5. bekkur


Fer á Þingvelli þann 1. júní. Mæting uppí skóla kl. 9:45

6. bekkur

Heldur á Stokkseyri og Eyrabakka þann 1. júní. Mæting upp í skóla kl. 9:00

7. bekkur

Ætlar með Hafsúlunni í hvalaskoðun 1. júní



Vordagskrá unglíngadeildar

10. bekkur

15.-24 maí, þemaverkefni samþættinga allra námsgreina. Mæting frá 8:10-13:30 í þemaverkefni síðan mæta þau í leikfimi og valfag eftir það.

22. maí, fjármálafræðsla í SPH.

Mæting frá 16:00-18:30.

26.-31. maí, skyndihjálp.

1. júní, frí vegna fjármálafræðslu seinnipart 22. maí.

2. júní, Heiðmerkurferð unglíngadeildar.

Mæting 9:00-12:00

6. júní, foreldradagur, sýning á þemaverkefnum frá 9:30-12:30

7. júní, skólaslit

9. bekkur

26. maí, íþróttadagur.

1. júní, skógrækt,

Mæting frá 9:00-12:00

2. júní, Heiðmerkurferð unglíngadeildar.

Mæting 9:00-12:00

6. júní, foreldradagur, nemendur mæta með foreldrum í viðtal.

7. júní, skólaslit

8. bekkur

26. maí, íþróttadagur.

1. júní, vorverk á skólalóð, málun og fleira.

Mæting frá 9:00-12:00

2. júní, Heiðmerkurferð unglíngadeildar.

Mæting 9:00-12:00

6. júní, foreldradagur, nemendur mæta með foreldrum í viðtal.

7. júní, skólaslit

Vorhátíð Áslandsskóla

Árleg vor- og hverfishátíð Áslandsskóla föstudaginn 26. maí kl. 16:00-19:00

Hátíðin hefst með því að skólahlaupið verður ræst kl. 16:15 og því er nauðsynlegt að mæta kl. 16.00 og skrá sig í hlaupið.

Á skólalóðinni verður boðið upp á fjórar gerðir hoppukastala bæði stóra og smáa. Einnig verða settar upp hjólaþotubrautir, mjög spennandi sem hentar flestum aldurshópum. Hestamannafélagið Sörli mætir á svæðið með tvo til þrjá hesta og teymt verður undir.

Á skólalóðinni verður einnig sett upp "áskorun" fyrir alla aldurshópa, konur, karla, drengi og stúlkur. Það er braut með ýmsum þrautum og áskorunum sem fara á á tíma. Spennandi og skemmtileg.


Á sviðinu verður nánast stanslaus dagskrá: Þar munu hljómsveitir spila, sýnd verða atriði úr Bugsy Malone og fleira skemmtilegt.

Lögreglan okkar mætir á svæðið til að skoða hjól og hjálma og hvetjum við alla til að nýta sér það tækifæri og fá skoðunarmiða fyrir sumarið, því það er nú afar mikilvægt að hjólin séu í lagi.

Seldar verða veitingar á vægu verði: Grillaðar pylsur, gos og ávaxtasafi, prins póló og kaffi.

Inn í skólanum verður sett upp sýning nemenda á myndum sem sendar voru inn í keppni um tóbaksvarnir og jafnvel eitthvað fleira af verkum nemenda frá vetrinum.

Við erum að sjálfsögðu búin að panta gott veður, en



SKÓLASLIT VORIÐ 2006

Skólaslit verða miðvikudaginn 7. júní.

Nemendur í yngri deild, *1.-4. bekkur*, mæta kl. 9:00 í heimastofur. Þaðan ganga þeir í röð á sal skólans. Þar verða skólaslit með morgunfundarsniði, kveikt á kertum, farið með skólaheiti, stutt ávarp skólastjóra, skólasöngur og síðan halda nemendur aftur í stofur og fá sín vitnisburðarblöð.

Miðdeildarnemendur, *5., 6. og 7. bekkur*, mæta kl. 10:00 og verða skólaslit með sama sniði hjá þeim og yngri deild.

Nemendur í *8. og 9. bekk* mæta í skólann kl. 11:00 og verða skólaslit hjá þeim með sama sniði og hjá ofangreindum hópum.


FORELDRADAGUR

Sú hefð hefur skapast hér í Áslandsskóla að hitta nemendur ásamt forráðamönnum að vori. Þessi dagur virkar að sönnu sem þriðji viðtalsdagur skólaársins.

Hugsunin á bak við þennan dag er að fara yfir af-rakstur skólaársins og hvernig vinnu, ástundun og almennu skólastarfi hefur miðað frá því að um-sjónarkennari hitti forráðamenn með nemendum til viðtals fyrr í vetur.


Tímasetningar viðtals verða sendar heim innan fárra daga en öll viðtölin fara fram þriðjudaginn 6. júní.

Heilsdagsskólinn verður opinn þennan foreldradag og verður það síðasti starfsdagur heilsdagsskólans.



SKÓLADAGATAL 2006-2007

Skóladagatal fyrir skólaárið 2006-2007 fylgir Flórgoðanum í dag.



www.aslandsskoli.is

<http://www.aslandsskoli.is/bekkir/Comenius/Comenius-MySchool/Comenius-MySchool/index.htm>

Vefur skólans tileinkaður Comeniusar verkefninu Culture Capsule hefur nú verið uppfærður.

Í ÁSLANDSSKÓLA ERUM VIÐ JÁKVÆÐ



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri